

Skýrsluskil

Nemar þurfa að standa skil á bæði tæknilegri lokaskýrslu og lokaskýrslu.

Tæknileg lokaskýrsla

Tilgangur tæknilegrar lokaskýrslu er að veita sjóðnum yfirsýn um vinnslu verkefnisins. **Skil á tæknilegri lokaskýrslu verður í gegnum rafrænt kerfi Rannís.**

Lokaskýrsla

Umsjónarmaður ber ábyrgð á því að verkefni sé unnið samviskusamlega og lokaskýrslu skilað í lok sumars. Sé lokaskýrslu ekki skilað, kemur umsjónarmaður ekki til greina við frekari úthlutanir úr sjóðnum síðar. Þegar lokaskýrslu hefur verið skilað er greidd út eftirstandandi 20% heildarupphæð styrksins. Umsjónarmenn þurfa að skrifa undir samninga og lokaskýrslur. Þær skýrslur sem skilað er inn fyrir lokafrest (25. september 2021) koma til greina við tilnefningu til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands. Einni lokaskýrslu er skilað fyrir hvert verkefni. **Lokaskýrslu skal skila í gegnum rafrænt kerfi Rannís.**

Leiðbeiningar um uppsetningu á lokaskýrslu

Hægt er að skila annaðhvort ritgerð eða rannsóknarskýrslu sem lokaskýrslu til sjóðsins. Það er mat þeirra er standa að verkefninu hvort er valið og skal það fara eftir því verkefni sem unnið var.

Almennar leiðbeiningar (á við um bæði ritgerð og rannsóknarskýrslu)

- Skilgreina efni og hugtök – hvaða spurningum á að svara – af hverju varð þetta efni fyrir valinu? Hvert er nýsköpunargildi þess?
- Rökstyðja mál sitt, skýra réttmæti raka sinna og staðfesta sannleiksgildi þeirra.
- Velta fyrir sér mótrökum.
- Vísa í heimildir þar sem við á.
- Undirskrift leiðbeinanda og nemanda.

A) Ritgerð:

- a. **Útdráttur:** Um 100 orð þar sem efni ritgerðarinnar er tíundað.
- b. **Inngangur:** Efnið kynnt, hvers vegna þetta efnisval, hvað komi fram í meginmáli.
- c. **Meginmál:** Hugmyndir og kenningar útlistaðar og ræddar. Setja efni í fræðilegt/faglegt samhengi.
- d. **Niðurstöður:** Aðalatriðin dregin saman og niðurstaða útskýrð.
- e. **Heimildaskrá.**

B) Rannsóknarskýrsla:

1. **Útdráttur:** Um 150 orð þar sem helstu upplýsingar um rannsóknina koma fram.
2. **Inngangur:** Segja frá öðrum rannsóknum sem tengjast efninu og hvernig þessi mun varpa nýju ljósi á hlutina, tilgátur settar fram og útskýrðar.
3. **Aðferð:** Skýra nákvæmlega frá því hvernig rannsóknin var gerð, skipt í undirkafla eftir því sem við á: Þátttakendur, efni og áhöld/áreiti, tæki, rannsóknarsnið, framkvæmd.

4. **Niðurstöður:** Gerð grein fyrir niðurstöðum með myndum, gröfum, skýringarmyndum og/eða tölfræðinni sem notuð var og þá út frá tilgátunum.
5. **Umræða:** Stóðust tilgáturnar? Kom eitthvað áhugavert í ljós sem ekki tengdist tilgátunum? Hvaða ályktanir er hægt að draga af niðurstöðunum? Passar þetta við niðurstöður úr fyrri rannsóknum? Fór eitthvað úrskeiðis? Hvernig væri hægt að sanna eða afsanna þínar niðurstöður með öðrum aðferðum? Kynnið kosti/galla aðferðar sem notuð var.
6. **Heimildaskrá.**